

Vaxtarsamningur Suðurlands

Friður og frumkraftar hlaut styrk nú á vordögum úr Vaxtarsamningi Suðurlands til þess að þróa vetrarferðir í Skaftárhreppi 2011-2012. En eitt af meginverkefnum félagsins er að leitast við að lengja ferðamannatímabilið. Um mjög spennandi og skemmtilegt verkefni að ræða sem felur m.a. annars í sér að Háskólasetrið á Hornafirði hefur unnið að því síðan í sumar að gera markaðsrannsókn fyrir Skaftárhrepp. Markaðsrannsókninni er ætlað að gefa mynd af því hverjir eru helstu markhóparnir fyrir slíkar ferðir og að hverju þeir eru helst að leita.

Næstu skref

Það er óhætt að segja að virkilega spennandi tímar séu framundan hjá Friði og frumkröftum á næstunni. Nú þegar er byrjað að vinna með fyrstu niðurstöður úr markaðsrannsókninni og verður farið í vörupróun í kjölfarið. Að mörgu þarf að huga í tengslum við vörupróunina og þá ekki síst hvað varðar heilsárs afþreyingu fyrir ferðamenn. Þarna leynast margvísleg tækifæri og hvetjum við alla til að leggja nú hausinn í bleyti. Megin tilgangur verkefnisins er að vera til heilla fyrir samfélagið allt og það er alveg víst að með samstilltu átaki eru okkur allir vegir færir.

F.h. Friðar og frumkrafta
Sandra Brá Jóhannsdóttir
Verkefnisstjóri

Félagar: Arion banki, Ferðamálafélag Skaftárhrepps, Ferðaþjónustan Hunkubökkum ehf., Glæðir ehf/ Klausturbleikja, Hálandismiðstöðin Hólaskjól
Hótel Geirland ehf., Hótel Klaustur / Bær hf., Hótel Laki, Efri Vík ehf.
Islandia Hotel ehf/ Hótel Núpar, Hrifunes/Borgar ehf., Hrifunes Guesthouse
Íslenskir fjallaleiðsögumenn ehf., Kaupás / Kjarval á Klaustri, Kirkjubæjarstofa ses.
Nonna og Brynjuhús Þykkvabæjarklaustri, Kynnisferðir ehf., Seglbúðir/Geilar ehf.
Sjóbirtingssetur/Laxfiskar ehf., Skaftárskáli, Sofía ehf./ Munkakaffi, Systrakaffi ehf.,
Skaftáreldar ehf., Skaftárhreppur., Tjaldsvæðið Kirkjubæ II



FRIDUR & FRUMKRAFTAR
at ease with the elements

FRÉTTABRÉF



Rúmt ár er nú liðið frá stofnun félagsins Friður og frumkraftar og er óhætt að segja að margt hafi áorkast á þessum stutta tíma. Tilgangurinn með stofnun félagsins er að efla byggð í Skaftárhreppi, fjölga atvinnutækifærum, standa vörð um þau sem fyrir eru ásamt því að styrkja markaðsstöðu og ímynd sveitarfélagsins. Þetta er leiðarljós þeirrar vinnu sem unnin er í þágu félagsins og er ætlað að vera til heilla fyrir samfélagið í heild sinni. Sandra Brá Jóhannsdóttir hefur starfað sem verkefnisstjóri í hálfu starfi frá 1. september 2009.


Félagar eru nú 24 talsins og eru allir velkomnir að ganga til liðs við félagið.

Hvers vegna Friður og frumkraftar?

Slagorðið Friður og frumkraftar (e. *at ease with the elements*) er afkastur vinnu sem fór af stað í ársbyrjun 2008. Hópur sem samanstóð af nokkrum ferðaþjónustuaðilum og þáverandi sveitarstjórnarfulltrúum, kom saman ásamt Sigurborgu Kr. Hannesdóttur verkefnisstjóra til að móta hugmyndir um heildstæða stefnu í markaðssetningu Skaftárhrepps. Niðurstaðan var að sérstæða sveitarfélagsins felst m.a. í nálægð samfélagsins við frumkraftana; jörðina, vatnið, eldinn og loftið. Ásamt þeirri staðreynd að Skaftárhreppur er annað landstærsta sveitarfélag landsins en um leið eitt það fámennasta og því frábært athvarf fyrir þá sem vilja komast frá ys og þys borgarinnar og njóta kyrrðarinnar. Slagorðið varð því fyrir valinu sem yfirskrift þess kynningarefnis sem kemur frá sveitarfélaginu.

Heimasíðan www.klaustur.is

Eitt af fyrstu verkefnum verkefnisstjóra var heimasíðunnar www.klaustur.is að nýjum áherslum. Í janúarbyrjun 2010 var svo heimasíðan sett í loftið og er hún gríðarlega öflugt tæki til markaðssetningar og kynningar fyrir sveitarfélagið. Heimasíðan er alltaf í endurskoðun og var nú síðast verið að bæta við hana undirsíðu fyrir landbúnað í samvinnu við Búnaðarfélagin í Skaftárhreppi. Allir eru hvattir til að nýta sér síðuna sem frétt- og tilkynningarmiðil. Hægt er að senda fréttir og tilkynningar á eftirfarandi netföng elin@klaustur.is, klaustur@klaustur.is og þeim verður komið inná heimasíðuna við fyrsta tækifæri. Facebook síða er tengd við heimasíðuna og ber hún heitið Friður og frumkraftar. Nú eru Facebook vinir rúmlega 900 talsins og fer þeim ört fjölgandi. Hér er því um mjög stórt og skilvirkt tengslanet að ræða sem er mikið notað.



Útgáfu- og kynningarmál

Fyrsta kynningarefnið sem gefið var út undir merkjum Friðar og frumkrafta var póstkort sem kom út í september 2009. Póstkortið hefur verið notað til dreifingar við hin ýmsu tækifæri. Landshlutabæklingurinn fyrir Skaftárhrepp er það kynningarefni sem mest hefur verið dreift síðustu ár. Samræma þurfti útlit bæklingans í ár við breyttar áherslur og var það unnið í samstarfi við Ferðamálafélag Skaftárhrepps sem séð hefur um útgáfu bæklingans hingað til.

Bæklingurinn sem kom út í apríl var prentaður í 20.000 eintökum og sendur á allar helstu upplýsingamiðstöðvar á Suðurlandi og ferðaþjónustuaðila.

Í byrjun sumars var gefið út dagatal fyrir árið 2011 með myndum úr Skaftárhreppi sem teknar voru af Hauki Snorrasyni ljósmyndara. Dagatalið hefur verið til sölu bæði hjá ferðaþjónustuaðilum í Skaftárhreppi og víðar.



Í febrúar 2010 tókum við þátt í Klasasprengru sem haldin var á Selfossi. Tilgangur hennar var að gefa klösum á Suðurlandi tækifæri á að kynna sig og starfsemi sína. Tveir fulltrúar fóru fyrir hönd Friðar og frumkrafta þær Ingibjörg Eiríksdóttir og Ólafía Jakobsdóttir.

Friður og frumkraftar tóku þátt í ferðasýningunni Íslandspærlur sem fram fór í Perlunni 30. apríl – 2. maí 2010. Mikill fjöldi fólks sótti sýninguna heim og fékk landshlutabæklingurinn og póstkortið okkar mikla kynningu og dreifingu.

Samstarf í allar áttir

Samstarf jafnt innan sem utan sveitarfélagsins er mjög mikilvægt og erum við þátttakendur í nokkrum verkefnum. Meðal þeirra er Geopark, fuglaklasi Suðurlands og Markaðsstofa Suðurlands.

Geopark er samstarfsverkefni sveitarfélaganna Þriggja; Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps og Rangárbings eystra. Um er að ræða verkefni sem snýr að stofnun jarðvangs sem nær yfir öll sveitarfélögin og hefur fengið heitið Katla Jarðvangur. Vinna er nú í fullum gangi að sækja um aðild að evrópska tengslanetinu European Geopark Network en til stendur að umsóknin verði send inn í nóvember 2010.

Fuglaklasi Suðurlands var settur saman s.l. vor og hlaut styrk úr Vaxtarsamningi Suðurlands til að byggja upp fuglaferðaþjónustu á Suðurlandi. Fyrsta verkefni klasans var að taka þátt í sýningunni Bird Fair í Bretlandi síðasta sumar við góðan orðstýr.

Friður og frumkraftar eiga fulltrúa í ráðgjafahópi um ferða- og menningarmál Markaðsstofu Suðurlands. Markmið ráðgjafahópsins er að hafa áhrif á og koma með tillögur að því hvernig Suðurland skal markaðssett.

Vinnuhópur um upplýsingamiðstöðina í Skaftárhreppi hóf störf í nóvember 2009 og skilaði tillögum til sveitarstjórnar um úrbætur nú í janúar. Eftirtaldir aðilar áttu fulltrúa í hópnum; sveitarfélagið, Friður og frumkraftar, Kirkjubæjarstofa og Vatnajökulshjólágarður. Tillögurnar fólu m.a. í sér að komið yrði á samstarfi við Vatnajökulshjólágarð, Kirkjubæjarstofu og Skaftárelda ehf. um rekstur hennar. Samstarfið um upplýsingamiðstöðina nú í sumar reyndist mjög farsælt og stefnt er á að því verði haldið áfram næsta sumar og þróað enn frekar.